

Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Númer fundar: 1077

Dagsetning: 19. ágúst 2025 klukkan 8:30

Staðsetning fundar: Álfabakka 16, Reykjavík.

Fundinn sátu: Helgi Þorsteinsson (HB), Íris Dögg Harðardóttir (ÍDH), Nanna Sigríður Kristinsdóttir (NSK), Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir (RÓE), Sigríður Dóra Magnúsdóttir (SDM), Svava Kristín Þorkelsdóttir (SKÞ) og Brjánn Jónasson (BJ), sem sat fundinn í gegnum fjarfundarbúnað og ritaði fundargerð.

Efni fundarins

1. Fundargerð síðasta fundar

Afgreiðslu fundargerðar framkvæmdastjórnar HH frá 12. ágúst 2025 var frestað.

2. Útvíkkað starfssvið öryggisnefndar

Rætt var um að endurskoða verklag tengt skjólstæðingum sem áreita ítrekað starfsfólk á starfsstöðvum HH og mögulega aðkomu öryggisnefndar HH. Ákveðið var að hafa samráð við Landspítalann til að samræma verklag og í framhaldinu fá verkefnastjóra á skrifstofu HH til að vinna málið áfram.

3. Samkomulag við sérnámslækna

Upplýst var um samkomulag sem HH hefur gert við sérnámslækna tengt nýjum kjarasamningi lækna. Kynna þarf samkomulagið á næsta fundi svæðisstjóra.

4. Hvítbók um endurhæfingu

Rætt var um ítarlegar spurningar frá heilbrigðisráðuneytinu tengt vinnu við hvítbók um endurhæfingu. Ákveðið var að ÍDH og NSK vinni drög að svari. Þær verða einnig fulltrúar HH á starfsdegi og í rýnihópi tengt vinnu við hvítbókina.

5. Fyrirspurn um ADHD-teymið

Umræður um drög að svarbréfi HH til heilbrigðisráðuneytisins vegna ADHD-teymisins.

6. Geðheilbrigðismál í heilsugæslu

Fjallað var um hugmyndir um breytingar á rammasamningi við sálfræðinga sem gæti haft bein áhrif á starfsemi HH. Ítrekað var að áherslur HH hafa verið á þverfaglega geðheilbrigðisþjónustu í 1. línu þjónustu og lagði framkvæmdastjórn áherslu á að halda þurfi þeim sjónarmiðum á lofti ef unnið verður frekar með þessar hugmyndir.

7. Þróunarmiðstöð íslenskrar heilsugæslu

Upplýst var um umræður á fundi í heilbrigðisráðuneytinu um Þróunarmiðstöð íslenskrar heilsugæslu. Funda þarf með fagraði og heilbrigðisstofnunum áður en tekin verður ákvörðun um framhaldið.

Aðgerðir og verkefni

- Hafa þarf samráð við Landspítalann um verklag, sjá lið 2.
Ábyrgð: RÓE og NSK
- Kynna þarf samkomulag við sérnámslækna á fundi svæðisstjóra, sjá lið 3.
Ábyrgð: SDM og NSK
- Vinna þarf svör við spurningum tengt hvítbók um endurhæfingu, sjá lið 4.
Ábyrgð: ÍDH og NSK
- Ljúka þarf vinnu við svarbréf vegna ADHD-teymisins, sjá lið 5.
Ábyrgð: ÍDH
- Halda þarf áfram vinnu tengt Þróunarmiðstöð íslenskrar heilsugæslu, sjá lið 7.
Ábyrgð: SDM

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 10:00